Manni getur nú blöskrað

Ég var gær að lesa grein i Þjóðviljanum eftir vin minn Árna Björnsson, sem bar yfirskriftina „manni getur nú sárnað". Skömmu síðar barst Dagblaðið inn á skrifborðið mitt, og meðal efnis i því, var listdómur eftir Aðalstein nokkurn Ingólfsson. Ég man eftir honum úr Vöku i fyrra, ansi geðugur náungi. En mér varð á að hugsa eftir að hafa rennt augum yfir grein Aðalsteins: „ja, manni getur nú blöskrað".

Í greininni var fjallað um listsköpun Magnúsar Kjartanssonar, en mér skilst að hún sé að miklu leyti fólgin í því að klippa niður alls kyns pappirsúrgang og lima á spjald. Eða eins og Aðalsteinn segir sjálfur:

„Hann klippir saman og limir úr allskyns úrgangi, en ávallt með óvenju sterkri tilfinningu fyrir myndheild og litgildi. Föng hans hafa ávallt persónulega þýðingu: úrklippur úr blöðum sem hann hefur lesið, sporvagnasmiðar frá Kaupmannahöfn þar sem hann var við nám, arkir utan af póstsendingum sem hann eða kona hans hafa fengið, afgangs veggfóður eða tau úr eigin húsi, nýtæmdir kaffipokar og merki utan af gosdrykkjaflöskum eða öðrum veigum".

„sposkur bregður fæti..."

Eftir þessa lýsingu á viðfangsefnum listamannsins, kemur svo umsögn listfræðingsins:

„Samsetningar Magnúsar eru aldrei háðar tilviljuninni eingöngu og innviði mynda sinna treystir hann frekar með ákveðnum pensildráttum sem marka bakgrunn eða skáhallandi slóða, tengja úrklippurnar eða skipta myndfletinum í áherslur. Í sumum myndum hans er snertur af landslagi, en í öðrum afneitar hann rúmsköpun og setur saman einskonar myndasögur, þar sem áhorfandinn verður æ að vera á varðbergi, stilla sjón sína og endurskoða ályktanir sínar í samhengi við ummyndanir og útúrdúra listamannsins. Magnús er ekki fyrr búinn að beina athygli okkar að læsilegri blaðaúrklippu eða girnilegum ávexti úr vikuriti þegar hann bregður sposkur fyrir okkur fæti með afstrakt framhaldi og máluðum tilbrigðum úr samhengi, — allt í þeim tilgangi að tjá margbreytilegt og raunar óskiljanlegt eðli umhverfis okkar."

Í lok listdómsins segir svo:

„Listaverk Magnúsar Kjartanssonar eru reyndar öll andóf og afneitun á þesskonar þjóðfélagi (þ.e. allsnægtaþjóðfélaginu), þar sem þau eru gerð úr leifum þess og úrkasti og eru þau jafnframt sönnun þess að innan listar eru allir vegir færir séu hæfileikar og hugsun fyrir hendi".

List eða rusl?

Nú ætla ég að taka fram, að það sem ég segi hér á eftir, er á engan hátt ályktun af verkum Magnúsar Kjartanssonar og skrifum Aðalsteins Ingólfssonar eingöngu, heldur varð þessi grein fremur kveikja að þessum samsetningi.

Ég er þess ekki umkominn að skreyta mig með listfræðingstilili og ekki einu sinni get ég sagt að ég sé beinlinis áhugamaður um svonefnda nútímalist. En samt er margt í hinni eilífu umræðu um listir sem vekur hjá manni spurningar.

Ég vil þá fyrir það fyrsta segja, að sjálft hugtakið list virðist túlkað afar þröngt í daglegu máli — ég býst við að sökina á því eigi, öðrum fremur, þeir sem hvað mest fjalla um þessi mál á opinberum vettvangi — þ.e. listgagnrýnendur. Þeir hafa gefið þessu hugtaki sitt innihald, eins og Aðalsteinn er að gera í grein sinni. Þar ákveður hann að ákveðin verk séu listsköpun og gefur þeim þar með gildi. Þar með eru þessi ákveðnu verk orðin verðmæti, og í beinu framhaldi: markaðsvara. Listdómurinn orkaði á mig líkt og auglýsing um einhverja verslunarvöru. Mér fannst talað til mín sem neytanda. Hugmyndafræði neyslunnar er jú þessi: hamingja mannsins er fólgin í því að kaupa og eiga. Þegar maður með ábyggilegan titil hefur gefið úrklippu úr blaði þá einkunn að hún sé list, þá hefur hann þar með kveðið upp þann dóm, að hún sé þess virði að vera keypt, m.ö.o. þess virði að fé sé fest í henni.

Þessi niðurstaða sýnist mér svo stangast á við það sem Aðalsteinn sagði hér á undan, að þessi list væri afneitun á allsnægtaþjóðfélaginu af því að þau séu gerð úr úrgangi þess og leifum. Listaverkin eru nú ekki meira andóf gegn neysluþjóðfélaginu en það, að þau beinlínis þarfnast þeirrar þjóðfélagsgerðar til þess að geta orðið til og lifað.

Listin er allt í kringum okkur

En þrátt fyrir allt sem ég hefi sagt um þessa ákveðnu tegund listsköpunar, þá flýgur ekki að mér að mótmæla því, að mörg af þessum verkum eru haganlega gerð og ekki öllum fært að búa til. Það er líka annar handleggur. Ég ætla heldur ekki að fara út í þá sálma, hverjum það þjóni best, að listamaður skuli sitja og klippa niður vörupoka frá SS á sama tíma og hann hefur baráttu gegn neysluþjóðfélaginu sem viðfangsefni.

Ég vil hins vegar segja, að ég tel mig vita nokkurn veginn hvar mestu og bestu listamenn þjóðarinnar er að finna, þó svo að þeim sé ekki hampað daglega í dálkum dagblaðanna. Þetta er alþýðufólkið allt í kringum okkur, ogmörg verk þess eru hin eina og sanna nytjalist. Vel hlaðinn eldiviðarhraukur, saltfiskstarfli eða útihey eru hrein listaverk, en þau þjóna bara ekki listinni í sjálfu sér. Listalegt handbragðið er aðeins vitni um gott verksvit, mikla verkþekkingu og takmarkalitla virðingu fyrir starfinu. Um þetta er vitanlega ekki skrifað í listdómum. En svo þegar einhver gárungi tekur sig til og rakar saman heyi í poka, labbar með það inn í sýningarsal, býr til bælda heysátu í einu horninu og verðleggur „listaverkið" á tugi þúsunda,þá ætlar allt af göflum að ganga.

Sama var í vor sem leið, þegar einhver stakk upp dálitlum torfusnepil, stillti upp á steinstólpa og kallaði „torfusneið" eða eitthvað í þá áttina. Þá hlupu listfræðingar til og kynntu verkið. En út um sveitir voru gamlir menn að rista þökur af miklum hagleik í blómagarða borgarbarnanna. Þeir létu sér nægja að hrista höfuð og glotta út í annað. Svo héldu þeir áfram vinnu sinni. Fræðimennska listarinnar nær ekki til þeirra.


DAGBLAÐIÐ MÁNUDAGUR 8. NÓVEMBER 1976

Um samklippingar Magnúsar að Kjarvalsstöðum

Undanfarin misseri hefur töluvert borið á samklippingum og klippimyndum (collage) í myndverkum ungra listmálara, mörgu listáhugafólki til hrellingar. „Rusl" — „rifrildi" og „mógun" — þetta eru upphrópanir sem oftsinnis hafa heyrst um sýningarsölum þessara listamanna. En samklippingar eru ekki fæddar í gær, þær eiga sér 60 ára hefð erlendis sem meiri háttar listgrein og reyndar lengra og slitróttara hefð þar á landi. Á 19 öld var það í tísku að klippa saman blaðsnifsi allskonar og myndir, auk taubúta og að lima skeljar og kuðunga á stokka, á spjöld og þykir mér meir en líklegt að dætur á betri heimilum í Reykjavík hafi stundað þennan leik. Síðan eignumst við klippimyndir Muggs sem unnar eru upp úr 1920. — „Sjötunda dag í Paradís" sem gerð er úr glitpappír og vatnslitum, svo og ásaumsmyndir hans eins og „Flýðrúna" sem samsett er úr silki, ull og moldvörpuinni. Síðan fikta listamenn eins og Scheving, Þorvaldur og fleiri við samklippingar á áratugnum kringum 1950 og fyrir Ninu Tryggvadóttur var sá vinnumáti skref í átt til glermyndagerðar hennar. Seinna mætti nefna samklippingar Sigurjóns Jóhannssonar og Sigurjóns Ólafssonar eftir 1960, svo og samsetningar Braga Ásgeirssonar um svipað leyti, en samsetningleg einkenni nær allra þeirra verka sem gerð eru fram yfir 1970. — ef frásláttar eru tímabundnar poppklippingar Sigurjóns og myndir Braga, er að þau eru hjáverk, leikur eða þá hluti af þróun ákveðinnar hugmyndar. — en aldrei uppistaða meiri háttar myndverka.

Stórkostlegir möguleikar


Það er ekki fyrr en á allra síðustu árum að myndlistarmenn hér á landi hafa uppgötvað þá stórkostlegu möguleika sem „collage" býður upp á, eins og þeir koma fram í verkum hinna kubísku forvera og myndum nokkurra ameríska listamanna. Með samklippingum er hægt að brúa bilið milli hlutveruleikans og hins ólíutbundna, auk þess sem þar opna leiðir til margræðs og ríkulegs samspils ýmisskonar veraldar og lita í myndverki. Sá listamaður sem nú stendur innna best að vígi á þessu sviði hérlendis er Magnús Kjartansson. Hann hefur saman

Krókur og lykkja

Geirfinnur fundinn.

AÐALSTEINN INGÓLFSSON

Myndlist



Atli Rúnar Halldórsson



ÚR YMSUM ÁTTUM

Byssur á glámbekk

Tvær af lögreglufréttum helgarinnar hafa orðið til að vekja athygli okkar á því ófremdarástandi, sem er að verða — og hefur trúlega verið lengi — í dómsmálum á Íslandi. En einnig segja þær sögu af því hvernig viðhorf fólks og hugarfar kann að þróast verði engin breyting á.

Fyrir nokkru síðan var birt í Alþýðublaðinu viðtal við eiganda skotfæraverzlunar sem sagði að þar hefði verið brotizt inn 50 sinnum og hefði hann þar nú varðhund í verzluninni um nætur. Síðan hundurinn var settur við vörzlu hefur engum innbrotsþjófi tekizt að hafa skotvopn á brott með sér úr þeirri verzlun.

Þessi verzlunareigandi kvartaði hins vegar undan því hve mjög skotvopn lægju á lausu og hve auðvelt væri að koma höndum yfir þau. Orðaði hann það sem svo, að það væri álíka auðvelt að ná í skotvopn hér á landi og poppkorn.

Í umræðuþætti í sjónvarpinu, Kastljósi, fyrir hálfum mánuði voru þessi mál aftur til umræðu, og þar mættu m.a. talsmenn löggæzlunnar í Reykjavík. Virtust umræðurnar ekki þokast í neina átt nema hvað allir voru sammála um að eitthvað þyrfti að gera. Semsé: gagnmerk niðurstaða.

Nú gerist það á laugardagsmorguninn, að brotizt er inn í skotfæraverzlun, sem er svo að segja hinu megin við götuna frá lögreglustöðinni þar inni upphefst skothríð, sem heyrist vítt um næstu hverfi og olli milljónatjóni, en enginn virðist hafa orðið þess var á lögreglustöðinni.

Dómsmál í ólestri

Óþarfi er að tíunda hér ferð og athafnir byssudrengjanna tveggja sem hlut eiga að máli, en það var upplýst strax í helgarlokin, að deginum áður hafi loks, eftir þriggja ára afbrotaferil, verið kveðinn upp dómur í máli hins yngri, en þar sem skrifstofubáknið átti enn um sinn eftir að fjalla um dóminn, vélrita hann og bókfæra á alla lund — og síðan að birta manninum með pomp og pragt, þá voru skotfæraverzlanir og almenningur enn um sinn leikvangur bilaðra hvata þessa drengs.

Eflaust kunna yfirmenn dómsmála fræðilegar skýringar á því hvers vegna mál af þessu tagi taka svo langan tíma, og þau geta flutt okkur margflóknar skýringar á annmörkum þess að dæmdir menn séu hafðir á sínum stað meðan gengið er úr skugga um að hugarfarsbreyting hafi orðið hjá þeim.

Máske eru þessi sömu yfirvöld dómsmála ekki öll á eitt sátt að því er varðar framkvæmd refsinga og án efa hafa þau undan lélegri aðstöðu að kvarta, eins og flestir í þjóðfélaginu.

En allar þær skýringar breyta þó ekki þeirri staðreynd, sem orðið hefur æ ljósari með hverju meiriháttar dóms- og afbrotamálinu, sem fjölmiðlar hafa fjallað um, að yfirstjórn dómsmála er öll í megnasta ólsetri. skýringar kunna að vera á því og margar þeirra gildar. En þær sanna aðeins og staðfesta, að þrátt fyrir elleftu stundar frumvörp á Alþingi hefur nánast ekkert verið aðhafzt í endurskoðun dómsmála.


Þetta hefur almenningur gert sér ljóst, og því kann það að vera ein meginátæðan fyrir þverrandi virðingu vaxandi fjölda manna fyrir lögum og rétti — líkt og mörg sakamál, sem fjallað hefur verið um síðasta árið hafa dregið úr tiltrú manna á því að við búum í réttarríki.

Afskiptaleysi

Síðari fréttin, sem hér verður gerð að umræðuefni sýnir hvert við kunnum að vera að stefna. Það er fréttin af stúlkunni sem reynt var að nauðga við eina fjölförnustu braut borgarinnar nú um helgina án þess að nokkur vildi rétta henni hjálparhönd. Þessi saga minnir á þær hrollvekjandi sögur, sem eitt sinn var sagt að gerðust vestur í glæpahverfum Ameríku þegar bófar athöfnuðu sig. Þar var fólk sagt svo hrætt við að blanda sér inn í mál annarra að það liti frekar undan en hjálpa fórnardýrum illvirkjanna. Við þökkuðum guði fyrir að lifa á Íslandi þegar við heyrðum þessar sögur.

En hratt líður stund. Nú er litla Ísland að komast á alheimslandakort glæpa og siðleysis.

— BS.



Dagblaðsmynd frá verzluninni Sportval eftir að byssumennirnir höfðu fengið útrás og skotið og sprengt verðmæti fyrir milljónir króna.